

Ed.

476. Lög

um vigt á sild.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl).

1. gr.

Öll sild, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Við vigt á sild skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem sildin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af sild, og telst það verðeining.

2. gr.

Þar sem sild er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlntaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á sildinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær.

3. gr.

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögnum varða sektum frá 20—2000 kr. Sektir renna í rikissjóð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. marz 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.